

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Kerhrauns, svæði E. Hraunsveigur 12-18.*

Í breytingunni felst að göngustígur sem liggar á milli lóðanna Hraunsveigar 14 og 16 færist og verður í staðinn á milli lóða nr. 16 og 18 við sömu götu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 1. apríl 2015.

2. *Breyting á deiliskipulagi Lyngborga í landi Minniborga.*

Í breytingunni felst að hnitsetning 13 lóða við Lyngborgir breytist og þar með afmörkun og stærð þeirra.  
Samþykkt í sveitarstjórn 16. desember 2015.

3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Mýrarkots.*

Í breytingunni felst að á frístundahúsalóðum við Langholt, Lækjar-, Álfta-, Star-, Löngu-, Kringlu- og Tjarnarmýri í landi Mýrarkots verður heimilt að reisa allt að 40 m<sup>2</sup> geymslu, svefn- eða gróðurhús í stað 25 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. október 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 27. janúar 2016.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2016